

„Við erum líkamlega litlir leikarar“

Það er stund milli stríða þegar þeir **Siggi Sigurjóns**, **Karl Ágúst** og **Örn Árna** taka á móti blaðamanni í rökkvæðum forsal Borgarleikhússins. Það er að klárast vinna við Harry og Heimi á litla sviðinu og endapunkturinn tekinn að skýrast: frumsýningin sem er í kvöld. Þetta eru vanir menn, komnir yfir miðjan aldur og það skýrir útvarpsleikrit sem komið er á fjalirnar eins og **Páll Baldvin Baldvinsson** komst að.

Siggi tekur orðið strax: „Harry og Heimir urðu til sem lofgjörð okkar til gömlu útvarpsleikritanna sem við hlustuðum á sem börn: Hulin augu, Ambrose, Paul Temple.“ „Dickie Dick Dickens,“ skýtur Örn inn í. Og þá er uppsprettan komin í ljós: framhaldsleikrit Ríkisútvarpsins á sjötta og sjöunda áratugnum eftir að segulbandið kom til sögunnar og sá möguleiki að vinna leikrit með klippingum. Þeirra blómatími var skammur í Gufunni, en hlustun á þau var gríðarleg fyrir daga sjónvarpsins, en um leið og það kom til voru dagar þeirra taldir. Þegar lokabátturinn á Huldum augum fór í loftið 1961 voru gótur auðar í Reykjavík.

Ef slegið er inn nafnið á þessu dularfulla verki frá fyrri hluta sjöunda áratugarins kemur í ljós að því má hlaða niður af www.torrentz.com, rétt eins og tveimur seríum af Harry og Heimi sem nú endurfæðast á sviði.

Ef ég ekki vinn, kemur ekkert inn

„Harry og Heimir urðu til á Bylgjunni 1988. Einar Sigurðsson og Páll Þorsteinsson réðu þá Bylgjunni og við sendum inn þessa hugmynd,“ segir Karl. „Þetta var spaug um útvarpsleikritsformið og spæjarasitúasjónina.“

„Grunnurinn að þessu eru samt útvarpsleikritin sem við hlustuðum á sem börn,“ segir Siggi, „þegar við vorum að hlusta á meistarana, Rúrik og félagi. Það blundaði í okkur þegar við vorum að gera þetta.“ Fyrst og fremst vorum við blankir, en í öðru lagi var söknuðurinn eftir gamla útvarpsleikritinu.“

Saga verksins

„Fyrsta serían af Harry og Heimi kom út 1988,“ segir Örn, „þá gerðum við ellefu tuttugu og fimm mínútna þætti sem voru fluttir jafnmarga laugardaga í röð.“

Magnús Geir leikhússtjóri lýsti því svo snemma vors að Harry og Heimir væri hans ljúfasta bernskuminning. Þeir þremmingar segja að fyrir útgáfu þáttanna ellefu í fyrri hafi þeir komist að því að einhver hafi afritað þættina af Bylgjunni og sjá: þeir voru komnir á „einhverja torrent-síðu“. Þá voru þættirnir settir í útgáfu. „Þeir voru þá búnir að

ganga manna á milli í kópíum og niðurhali í mörg ár,“ segir Örn.

Seinni serían varð svo til 1993, en þá vildi Bylgjan hafa annan hátt á. Í fyrri seríunni voru þættirnir sjálfstæðir, en nú var krafa dagsins samfelld saga í fimm mínútna bítum. Úr urðu fjóurtíu þættir og framhald, „það efni hefur aldrei komið opinberlega út aftur,“ segir Siggi, sem veit ekki betur því það má líka finna í búttlegg-útgáfu á Netinu, „en á þeirri sögu byggist þetta leikrit.“

Sex hundruð síður

Þegar til kom fundust ekki handrit, og höfundarnir þrír verða allir heiðarlegir í fram, það hafði „einhver“ týnt handritinu. Við förum ekki nánar út í það. Því varð að skrifa verkið upp. „Sex hundruð síður,“ segir Siggi. Nú var þrautin þyngst að stytta verkið og koma því á svið: „Eitt er útvarpsleikrit og annað sviðsverk. Við okkur blasti hár veggur, hvernig eigum við að leysa þetta. Þar hefur glíman staðið. „Þetta er ekki auðveld glíma, það er töff að gera þetta,“ segir Siggi, „formið er svo opið. Við getum farið í allar áttir og þannig voru útvarpsþættirnir. Það voru engin landamæri. Það mátti fara út fyrir söguna, út fyrir útvarpið. Við erum eiginlega að gera það sama á sviðinu. fara út fyrir rammann og koma fólki á óvart.“ Karl tekur undir: „Um leið erum við að reyna að vera trúir útvarpinu.“ „Þú átt að geta lokað augunum og hlustað,“ bætir Örn við.

Gáfuleg greining

Það er mikil hljóðmynd í sýningunni. „Já, það er sannarlega fjórði leikarinn í sýningunni og það er hljóðmaðurinn, Óli Thor,“ segir Siggi, „bökkjarbróðir minn úr Leiklistarskólanum, loksins erum við aftur á sviði. Eftir þrjátíu og fimm ár.“ Siggi segir það hafa komið sér mest á óvart hvað Harry og Heimir hafa átt gott framhaldslíf. Nú er uppselt á tutugu sýningar svo einhver áhugi er á verkinu nýja. „Það eru bæði börn og eldra fólk sem kannast við þessar persónur sem hafa haldist á lífi í slæmum afritunum, segir Siggi, „þetta gæti orðið fjölskyldusýning. Svo fer mjög vel um okkur á litla sviðinu, enda erum við líkamlega litlir leikarar þó að við séum andlega stórir leikarar

– vonandi.“ „Djísös hvað þetta var djúpt,“ segir Örn og hlær.

Nóg að gera

Þeir eru allir meðlimir í Spaugstofugenginu og nokkur ár eru liðin síðan Örn og Sigurður voru fastráðnir leikara hjá Þjóðleikhúsinu. Nú eru þeir í lausamennsku eins og Karl hefur alla tíð verið. Þeim líkar það vel. Spaugstofan er að fara í gang aftur en þeir hafa fleiri járn í eldinum. Karl hefur alltaf sinnt leikritun og er núna að vinna að óperu með Þorvaldi Bjarnasyni, draugasögu úr okkar tíma, en með draug frá liðinni öld. Örn er að undirbúa kvikmyndahandrit með Afa og Siggi leikstýrir farsa fyrir Loftkastalann sem kemur á svið eftir áramótin.

Sú spurning hefur lengi vakað hvers vegna Spaugstofan hefur ekki ráðist í að gera kvikmynd. Karl verður fyrir svörum. „Það er góð spurning. Það hefur oft komið til tals en aldrei orðið neitt úr því af því að við höfum bara haft nóg annað að gera. En það hafa leitað til okkar framleiðendur, oftar en einu sinni, en aldrei orðið neitt úr.“

Siggi: „Við höfum alla burði til að gera bíómynd, það er ekki vandamál. Það þarf bara tíma og aðstöðu.“ Karl segir þá hafa í tvígang farið af stað með handrita-smíð.

Skotspónn og still

Við leiðumst út í spjall um skop á sviði: „Tveir vitleysingar á sviði eru ekki fyndnir,“ segir Örn. „Sagan leiðir það í ljós, Gög og Gökke, Halli og Laddi, Abbot og Costello. Það verða alltaf að vera andstæður: einn streit og hinn vitlaus.“ „Þannig eru Harry og Heimir, Harry þessi alvarlegi spæjari og Heimir vitleysingur. Það er miklu auðveldara að skrifa þannig texta.“ Þeir eru á einu máli um að húmor þjóðarinnar hafi breyst gríðarlega á undanförunum áratugum, bannsvæði og bannorð hafi horfið og raunar sé allt leyfilegt nú til dags, ekkert er lengur heilagt og rifja þá upp þegar frú Vigdís Finnbogadóttir birtist fyrst í skoplegu ljósi í Spaugstofunni. Svo fullyrðir Karl að nú séu miklu fleiri greinar af spaugi en tíðkuðust, það séu miklu fleiri gerðir af húmor á ferðinni en var fyrir tuttugu árum.

Margs konar gamansemi



„Við höfum oft legið undir því ámæli í Spaugstofunni að við séum gamaldags og hallærislegir, en í Spaugstofunni eru margar tegundir af húmor, og þá spyr maður á móti: er það ekki bara allt í lagi að í bland sé húmor sem er bæði gamaldags og hallærislegur? Hví skyldi fleiri en ein tegund af gamansemi ekki eiga rétt á sér?“

Spaugstofan hefur verið á ferðinni síðan í janúar 1989. Þeir segjast vera spenntir að hefja þáttavinnsluna í haust. „Þetta er svo skemmtileg vinna,“ segir Sigggi, „og svo er líka skemmtilegt hvað maður fær góð og mikil viðbrögð á það sem maður er að gera.“ „Þetta eru líka svo spennandi tímar að vinna við svona

starf, ástandið, breytt umhverfi hvert sem lítið er og alls konar nýr hugsunarháttur í gangi.“

Önnur mál á dagskrá

Og þá er farið að tala um veiðar: Sigggi segist hafa veitt í sumar en það hafi ekki verið til skiptanna. Örn er búinn að panta sinn flugeldaskammt fyrir áramótin, fimmtánda árið í röð. Karl segir það ósatt sem fram hafi komið í blöðunum í vor að hann væri á förum úr landi. Aftur berst talið að gömlu áhugamáli leikara: Hvað gerðu þeir síðast í húsinu sem við erum nú staddir í? Karl segist aldrei hafa leikið í Borgarleikhúsinu fyrr en nú, bæði Sigggi og Örn viðurkenna hlæjandi að þeir hafi fyrst komið

fram í húsinu í ballett á vegum Íslenska dansflokkssins fyrir mörgum árum. „Ég dansaði við þessa flinku amerísku stelpu,“ segir Sigggi og kímur, „lék asnann í Draumi á Jónsmessunótt. Hafði gott grip.“ Karl segist reyndar ekki hafa leikið á sviði í tíu ár. „Við gerum ekki annað en dusta rykið af einhverju gömlu,“ segir Sigggi, „Kalli kominn á svið og Harry og Heimir líka.“

Frumskýning á nýrri versjón af gömlu útvarpsleikriti verður á litla sviði Borgarleikhússins í kvöld og hefst kl. 20. Húsið er troðið og uppselt á næstu tuttugu sýningar.



Þetta eru líka svo spennandi tímar að vinna við svona starf, ástandið, breytt umhverfi hvert sem lítið er og alls konar nýr hugsunarháttur í gangi.

HARRY OG HEIMIR (SIGGGI SIGURJÓNS, KARL ÁGÚST OG ÖRN ÁRNASON) Leikararnir eru á einu máli um að húmor þjóðarinnar hafi breyst mikið á undanförmum áratugum.